

Hafnarfjarðarbær
Helga Stefánsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Akureyri 31 mars 2016
Tilvísun: 1510289 / 05.02

Efni: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.


Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um úthlutun úr sjóðnum vorið 2016. Umsóknin hefur verið samþykkt. Um er að ræða styrk að fjárhæð: kr . 8.000.000,- vegna áframhaldandi uppbyggingar við Seltún: Endurbætur, stækkun og yfirborðsfrágangur á bílastæðum, m.a. vegna stærri hópferðabíla. Verkefnið taldist *mjög gott verkefni* skv. matsblaði við yfirferð verkefna, sjá http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/ff-2013_matsblad.pdf.

Alls bárust yfir 300 styrkumsóknir og hafa aldrei fleiri umsóknir borist sjóðnum. Til samanburðar má nefna að um 100 umsóknir bárust árið 2015. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 66 umsóknir að þessu sinni. Um frekari upplýsingar um styrkúthlutanir má sjá á heimasíðu Ferðamálastofu undir Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, <http://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvaemdasjodur-ferdamannastada>.

Frekari upplýsingar veitir Hjörleifur Finnsson í gegnum netfangið hjorleifur@ferdamalastofa.is. eða í síma 535-5500.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Hjörleifur Finnsson